

AUGLÝSING

um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á tillögu að breyttu deiliskipulagi.

Bakkabraut 2-4, Bryggjuvör 1, 2, 3 og Þinghólsbraut 77 og 79. Svæði 13.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogs 27. júní 2023 breytingu á deiliskipulagi Kársneshafnar. Nánar tiltekið fyrir svæði 13 skv. skipulagslýsingu þróunarsvæðis á Kársnesi. Skipulagssvæðið afmarkast af Þinghólsbraut og lóðamörkum Þinghólsbrautar 73 og 75 í austri, fyrirhugaðri nýrri vegtengingu milli Borgarholtsbrautar og Bakkabrautar í norðri, fyrirhuguðum nýjum hafnarkanti til vesturs og núverandi grjótgarði og strönd til suðurs. Eftirfarandi lóðir eru innan skipulagsvæðisins: Bakkabraut 2-4, Bryggjuvör 1, 2, 3 og Þinghólsbraut 77 og 79. Í breytingunni felst að núverandi atvinnuhúsnaði á lóðunum víki og að íbúðarhús auk 240 m² atvinnuhúsnaðis rísi í þess stað. Gert er ráð fyrir að heildarfjöldi íbúða á svæðinu verði að hámarki 150, á 2-4 hæðum þar sem 4. hæðin verður inndregin. Gert er ráð fyrir 0,75-1 bílastæði pr. íbúð, auk 0,2 gestastæða. Þá er gert ráð fyrir að um 90% þeirra verði í innbyggðum og niðurgrofnum bílageymslum. Fyrirhugað er að heildarbyggingarmagn á svæðinu verði 24.995 m² ofan- og neðanjarðar og að nýtingarhlutfall verði 1,81. A-rými ofanjarðar verði 18.810 m² að flatarmáli og B-rými ofanjarðar verði 2.385 m² að flatarmáli. A-rými neðanjarðar verði 1.980 m² að flatarmáli og B-rými neðanjarðar (bílageymsla) verði 3.800 m² að flatarmáli.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 15. ágúst 2023.

Auður Dagný Kristinsdóttir skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 16. ágúst 2023